

Hverfisráð Hríseyjar

126. fundur

Mánudaginn 24. júní 2019 kl 20:00 var haldinn 126. fundur hverfisráðs í Hlein.
Mætt voru: Ólafur Búi Ólafsson, Hermann Jón Erlingsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir og ábendingar

Farið yfir innsent erindi frá Frank Wiedemann (tölvupóstur 20. júní 2019, kl. 17:30) varðandi gróðursetningu á runnum og trjám og útlit á ruslagámum. Akureyrarbær er til í að leggja til tré og runna í verkefnið. Rætt hvernig hentugast væri að byggja í kringum ruslagámana.

Farið yfir upplýsingar um áformin vegna fornleifarannsóknna í Hrísey sem forstöðumaður upplýsinga- og þjónustudeildar sendi (tölvupóstur 20. júní 2019, kl 17:07).

2. Fara yfir verkefni

Farið yfir verkefnastöðu. Fánastöng verður sett upp á svæðinu í sumar, grillhús verður smiðað í haust. Búið er að finna aðila sem verður yfirsmiður. Stígurinn við sjósundaðstöðuna verður lagaður, og göngustígur lagður frá sundlauginni að aðstöðunni.

3. Önnur mál

Aksturslag í eyjunni rætt, og kynntar niðurstöður fundar fulltrúa hverfisráðs með lögreglu á Akureyri. Rætt hvort möguleiki sé að sækja um styrk til að endurbyggja Sæborg. Sláttur á túnnum og þungaflutningar í eyjunni rædd.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:10.

Ólafur Búi Ólafsson
Hermann Jón Erlingsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker